

## REGLUGERÐ

### um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2004.

#### Austursvæði (Stokksnes að 19° V).

##### 1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19° 00' V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til kl. 10.00 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17° 00' V. Þaðan í punkt 63° 15' N og 17° 00' V og síðan í punkt 63° 05' N og 17° 40' V og þaðan í réttvísandi 270° að 19° 00' V.

Ennfremur eru á tímabilinu frá og með 8. apríl til og með 16. apríl allar veiðar óheimilar á neðangreindum svæðum innan lína sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

#### Hrollaugseyjar:

1. 64° 05' 0 N - 16° 06' 0 V
2. 64° 01' 8 N - 15° 59' 0 V
3. 64° 03' 0 N - 15° 39' 0 V
4. 64° 13' 5 N - 15° 29' 0 V

#### Ingólfshöfði:

1. 63° 47' 0 N - 16° 54' 0 V
2. 63° 38' 0 N - 16° 35' 0 V
3. 63° 40' 0 N - 16° 25' 0 V
4. 63° 48' 0 N - 16° 11' 0 V
5. 63° 56' 0 N - 16° 11' 0 V
6. 64° 00' 0 N - 16° 17' 0 V

#### Meðallandsbugur:

1. 63° 30' 0 N - 18° 02' 0 V
2. 63° 30' 0 N - 17° 30' 0 V
3. 63° 47' 0 N - 17° 15' 0 V

#### Vestursvæði (19° V að Skor).

##### 2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19° 00' V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita.

Að utan markast svæðið frá 19° 00' V vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti 63° 33' 00 N og 20° 27' 00 V og þaðan í punkt 63° 33' 00 N og 20° 50' 00 V og þaðan í punkt 63° 47' 85 N - 21° 16' 00 V og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skorarvita

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1. 63° 05'00 N - 19° 00'00 V
2. 63° 05'38 N - 24° 18'54 V
3. 63° 35'06 N - 23° 13'06 V
4. 63° 36'72 N - 23° 22'84 V
5. 63° 39'65 N - 23° 28'55 V
6. 64° 43'72 N - 24° 12'83 V
7. 64° 43'72 N - 24° 25'57 V

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skor.

### Önnur friðunarsvæði þorsks.

3. gr.

Frá og með 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Hornbjargsvita austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

### Skarkolasvæði.

4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30 apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

#### A. Selvogsbanki:

1. 63° 40'00 N - 21° 00'00 V
2. 63° 31'00 N - 20° 10'00 V
3. 63° 22'00 N - 20° 30'00 V
4. 63° 20'00 N - 20° 50'00 V

#### B. Hafnarleir:

1. 64° 05'00 N - 23° 15'00 V
2. 64° 05'00 N - 22° 54'00 V
3. 63° 50'00 N - 22° 53'00 V
4. 63° 50'00 N - 22° 57'00 V
5. 64° 00'00 N - 23° 20'00 V

#### C. Breiðafjörður:

1. 65° 16'00 N - 23° 27'00 V
2. 65° 10'00 N - 23° 27'00 V
3. 65° 00'00 N - 24° 20'00 V

4. 65° 05'00 N - 24° 37'00 V

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóng og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. ágúst 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*